

Reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum í rekstri Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Útgáfa 3.0 / Nóvember 2024

1. Gildissvið og markmið

Markmið hagsmunagreiningar þessarar er að tryggja samræmda greiningu og meðhöndlun á hagsmunaárekstrum og viðhafa árangursríkar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og stjórna hvers konar hagsmunaárekstrum sem upp koma í rekstri Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands (hér eftir einnig nefndur „lífeyrissjóðurinn“ eða „Lífeyrissjóður tannlækna“). Með því að forðast hagsmunaárekstra stuðlar lífeyrissjóðurinn að vernda hagsmuni sjóðsins og sjóðfélaga hans. Með hagsmunaárekstrum er átt við þær aðstæður sem upp geta komið þegar hagsmunir aðila sem tengjast starfsemi lífeyrissjóðsins fara ekki saman.

2. Um rekstur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er sjálfstæður lífeyrissjóður sem starfar á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Rekstri lífeyrissjóðsins er að mestu leyti útvistað til Landsbankans hf. á grundvelli rekstrarsamnings. Eignastýringu lífeyrissjóðsins er keðjuútvistað til Landsbréfa hf. sem er dótturfélag Landsbankans. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins er starfsmaður lífeyrissjóðsins.

Landsbankinn er fjármálafyrirtæki sem veitir einstaklingum og lögaðilum alhliða fjármálaþjónustu. Í starfsemi bankans má gera ráð fyrir því að upp komi aðstæður sem leitt geta til hagsmunaárekstra. Landsbankinn hefur sett sér stefnu um hagsmunaárekstra sem miðar að því að koma í veg fyrir og stjórna hvers konar hagsmunaárekstrum sem upp kunna að koma í rekstri bankans.

3. Mat og greining á hagsmunaárekstrum

Lífeyrissjóður tannlækna framkvæmir mat á mögulegum hagsmunaárekstrum í tengslum við gerð árlegs áhættumats. Við matið skal m.a. litið til eftirtalinna atriða:

- Hvort aðilar tengdir lífeyrissjóðnum (þ. á m. rekstraraðili og dótturfélög hans) njóti óeðlilegs fjárhagslegs ágóða eða forðist fjárhagslegt tap á kostnað lífeyrissjóðsins.
- Hvort aðilar sem starfa fyrir lífeyrissjóðinn hafi hagsmuni af niðurstöðu af þjónustu við lífeyrissjóðinn og hvort þeir hagsmunir séu aðrir en hagsmunir lífeyrissjóðsins.
- Hvort fyrir hendi sé fjárhagslegur hvati, eða annars konar hvati hjá starfsmönnum rekstraraðila eða tengdum aðilum, til þess að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina framur hagsmunum lífeyrissjóðsins.

Við matið skal gerður greinarmunur á hagsmunaárekstrum sem eru viðvarandi og nauðsynlegt er að stýra með varanlegum hætti og hagsmunaárekstrum sem koma upp í tengslum við tiltekinn atburð sem jafnan er hægt að stýra með atviksbundnum ráðstöfunum. Þegar hætta er á atviksbundnum hagsmunaárekstrum í tengslum við tiltekinn atburð þá skal framkvæma sérstakt mat á mögulegum hagsmunaárekstrum í hverju tilfalli fyrir sig. Lífeyrissjóður tannlækna skráir atviksbundna hagsmunaárekstra og þau viðbrögð sem sjóðurinn grípur til.

4. Mögulegir hagsmunaárekstrar og ráðstafanir gegn þeim

Við rekstur Lífeyrissjóðs tannlækna geta eftirtaldir hagsmunaárekstrar komið upp á milli Landsbankans hf. og Landsbréfa hf. annars vegar og Lífeyrissjóðs tannlækna hins vegar:

- **Eignastýring.** Eignastýringu lífeyrissjóðsins er keðjuútvistað til Landsbréfa hf. sem er dótturfélag Landsbankans hf. Fjárfestingateymi Landsbréfa hefur heimildir til að fjárfesta fyrir lífeyrissjóðinn á grundvelli fjárfestingarstefnu. Landsbankinn er ekki skráð hlutafélag en bankinn er stór útgefandi skuldabréfa. Þá eru Landsbréf sjóðastýringarfyrirtæki með fjölmarga fjárfestingarkosti í boði. Fyrir liggur að fjárfestingar geta bæði beint og óbeint tengst rekstaraðilanum og dótturfélagi hans.

Ráðstafanir gegn hagsmunaárekstri: *Til að sporna gegn mögulegum neikvæðum afleiðingum hagsmunaárekstra skulu útvistunaraðilar veita lífeyrissjóðnum ítarlegar upplýsingar um fjárfestingar í skuldabréfum útgefnum af Landsbankanum og um fjárfestingar í sjóðum Landsbréfa. Fara skal yfir allar fjárfestingar á stjórnarfundum lífeyrissjóðsins. Fjárfestingum, sem tilgreindar eru í grein 5.4. í reglum þessum, skal ætíð fylgja sérstakur rökstuðningur sem kynntur skal á reglubundnum stjórnarfundum.*

- **Innri endurskoðun.** Innri endurskoðandi er starfsmaður rekstraraðila. Innri endurskoðandi sér alfarið um innri endurskoðun fyrir lífeyrissjóðinn. Þar sem innri endurskoðandi er starfsmaður þess aðila sem annast útvistuð verkefni lífeyrissjóðsins eru hagsmunaárekstrar til staðar þar sem útvistunaraðili hefur hagsmuni af því að ekki sé vakin athygli á annmörkum á þeirri þjónustu sem hann veitir.

Ráðstafanir gegn hagsmunaárekstri: *Innri endurskoðun Landsbankans er skilgreind sem óháð starfseining og staðfestir innri endurskoðandi stjórnskipulagslegt óháði starfseiningarinnar árlega gagnvart stjórn Landsbankans. Innri endurskoðandi nýtur fulls og óskoraðs sjálfstæðis í störfum sínum og er því óháður stjórnendum rekstraraðilans sem veitir lífeyrissjóðnum þjónustu. Þrátt fyrir framangreint skal stjórn lífeyrissjóðsins fylgjast sérstaklega með mögulegum hagsmunaárekstrum innri endurskoðunar. Stjórna sjóðsins hefur eftirlit með útvistun á starfsemi sjóðsins. Liður í því eftirliti er reglubundin/árleg úttekt á mögulegum hagsmunaárekstrum vegna innri endurskoðunar. Að lokinni úttekt skal stjórn taka saman skýrslu með samantekt á framkvæmd úttektar og ef ástæða er til með tillögum um breytt verklag við innri endurskoðun lífeyrissjóðsins gerist þess þörf.*

- **Áhættustýring.** Áhættustjóri sjóðsins er starfsmaður rekstraraðila. Þar sem áhættustjóri er starfsmaður þess aðila sem annast útvistuð verkefni lífeyrissjóðsins er hætta á hagsmunaárekstrum til staðar, þar sem útvistunaraðili hefur hagsmuni af því að ekki sé vakin athygli á annmörkum á þeirri þjónustu sem hann veitir.

Ráðstafanir gegn hagsmunaárekstri: *Stjórn lífeyrissjóðsins hefur beinan og milliliðalausan aðgang að áhættustjóra og öfugt. Starfsskyldur áhættustjórans eru lögbundnar sbr. ákvæði laga nr. 129/1997. Þrátt fyrir framangreint skal stjórn lífeyrissjóðsins fylgjast sérstaklega með mögulegum hagsmunaárekstrum í störfum áhættustjórans. Framkvæmdastjóri sjóðsins sem jafnframt er ábyrgðaraðili áhættustýringar hefur eftirlit með útvistun á starfsemi sjóðsins. Liður í því eftirliti er reglubundin/árleg úttekt á mögulegum hagsmunaárekstrum vegna starfa áhættustjórans. Að lokinni úttekt skal stjórn taka saman skýrslu með samantekt á framkvæmd úttektar og ef ástæða er til með tillögum um breytt verklag við áhættustýringu lífeyrissjóðsins gerist þess þörf.*

- **Önnur fjármálaþjónusta veitt af Landsbankanum:** Landsbankinn sinnir alhliða fjármálaþjónustu og ráðgjöf fyrir viðskiptavinum sína. Auk lánveitinga til einstaklinga og fyrirtækja sinnir bankinn fyrirtækjaráðgjöf, miðlun verðbréfa og opinberri fjárfestingaráðgjöf. Upp kunna að koma tilvik þar sem bankinn er bæði lánveitandi og ráðgjafi viðskiptavinar þar sem bankinn hefur m.a. hagsmuni af því að fjárfestar taki þátt í útboðum eða öðrum fjárfestingum þar sem bankinn hefur veitt þjónustu. Landsbankinn er umfangsmikill í miðlun verðbréfa á íslenskum verðbréfamarkaði. Það geta komið upp tilvik þar sem það þjónar ekki hagsmunum sjóðsins að

skipta við miðlun Landsbankans, þar sem bankinn hefur m.a. hagsmuni af því að fjárfestar taki þátt í útboðum eða öðrum fjárfestingum þar sem bankinn hefur veitt þjónustu. Álitafni kunna að vakna við undirbúning og birtingu opinberrar fjárfestingarráðgjafar.

Ráðstafanir gegn hagsmunaárekstri: Sjá kafla 5.2. hér á eftir.

- **Hagsmunir starfsmanna Landsbankans eða Landsbréfa.** Starfsfólk Landsbankans og Landsbréfa kann að eiga persónulegra hagsmuna að gæta í útgefanda/verðbréfi og veita á sama tíma fjárfestingarráðgjöf eða aðra fjárfestingarþjónustu til viðskiptavinar um viðkomandi útgefanda/verðbréf. Starfsfólk kann að eiga persónulegra hagsmuna að gæta vegna nánustu fjölskyldu, vina eða fyrri starfa. Við mat á tengslum vegna fyrri starfa skal miðað við síðastliðin þrjú ár.

Ráðstafanir gegn hagsmunaárekstri: Sjá kafla 5.2. hér á eftir.

- **Gjafir og boðsferðir.** Álitafni um jafnræði viðskiptavina og óhlutdrægni bankans kunna að vakna við veitingu/móttöku gjafa og boðsferða.

Ráðstafanir gegn hagsmunaárekstri: Sjá kafla 5.2. hér á eftir.

5. Almennar ráðstafanir sem fyrirbyggja og stýra hagsmunaárekstrum

Lífeyrissjóður tannlækna beitir viðeigandi ráðstöfunum til að takmarka hættuna á að viðkomandi hagsmunaárekstur eigi sér stað og koma í veg fyrir mögulegar skaðlegar afleiðingar. Með viðeigandi ráðstöfunum er átt við skipulagslegar og stjórnunarlegar aðgerðir sem taka tillit til allra þátta er tengjast starfsemi lífeyrissjóðsins.

5.1. Innri reglur Lífeyrissjóðs tannlækna sem sporna við hagsmunaárekstrum

Lífeyrissjóður tannlækna hefur sett sérstakar reglur sem sporna m.a. gegn hagsmunaárekstrum:

- Starfs- og siðareglur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands
- Verklagsreglur um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands með fjármálagerninga.

5.2. Aðgerðir Landsbankans hf. til að draga úr hagsmunaárekstrum

Landsbankinn hefur sett stefnu um hagsmunaárekstra. Samkvæmt stefnunni beitir Landsbankinn viðeigandi ráðstöfunum til að takmarka hættuna á að hagsmunaárekstrar eigi sér stað. Ráðstafanir bankans eru m.a.:

- **Takmarkanir á flæði upplýsinga.** Landsbankinn dregur úr hættu á hagsmunaárekstrum með aðgreiningu starfseininga (kínamúrar), þar sem við á. Tilgangur kínamúra er að koma í veg fyrir að trúnaðar- og innherjaupplýsingar berist milli einstakra starfseininga. Starfseiningar sem aðskildar eru með kínamúrum skulu aðgreindar í húsnæði, stjórnun, afkomu og upplýsingakerfum.
- **Hæfi starfsfólks.** Landsbankinn setur starfsreglur sem gilda um allt starfsfólk bankans og kveða m.a. á um hæfi starfsfólks í einstökum málum og ráðstafanir til að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum.
- **Miðlæg skráning og upplýsingar til Regluvörslu.** Landsbankinn takmarkar hættuna á því að upp komi hagsmunaárekstrar með því að hafa miðlæga skráningu á verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum. Einstök svið bankans skulu upplýsa Regluvörslu um slík verkefni í vinnslu eða undirbúningi. Regluvarsla skráir verkefni og leggur mat á hvort hætta sé á hagsmunaárekstrum, bæði vegna einstakra verkefna og mismunandi verkefna innbyrðis. Ef niðurstaða Regluvörslu er sú að hætta sé á hagsmunaárekstrum og að hefðbundnar ráðstafanir veiti ekki viðunandi vörn skal Regluvarsla bregðast við með sérstökum aðgerðum. Regluvarsla heldur jafnframt skrá yfir þá starfsemi sem stunduð er af bankanum þar sem skapast hafa

hagsmunaárekstrar sem hafa í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist eða muni skaðast. Skráin skal uppfærð reglulega og skal hún innihalda upplýsingar um hvaða viðskiptavinir áttu í hlut, hvaða viðskipti um var að ræða, tegundir fjármálagerninga og viðskiptafærslna. Regluvarsla heldur skrá yfir mögulega hagsmunaárekstra hjá starfsfólki bankans.

- **Verkferlar og vinnulýsingar.** Verkferlar og vinnulýsingar er ætlað að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og stuðla að óhlutdrægni bankans og jafnræði viðskiptavina.
- **Laun og kaupaukar starfsfólks.** Landsbankinn skal tryggja að laun starfsfólks á einu sviði hafi engin bein tengsl við laun eða tekjumyndun, starfsfólks á öðru sviði ef til hagsmunaárekstra gæti komið milli sviðanna eða verkefna viðkomandi starfsfólks. Sama á við um kaupauka, verði ákveðið að veita þá.
- **Umbun frá þriðja aðila.** Í tengslum við framkvæmd þjónustu sinnar skal Landsbankinn hvorki veita né þiggja umbun frá þriðja aðila sem getur skert getu bankans til að starfa heiðarlega, faglega og af heilindum í samræmi við hagsmuni viðskiptavina. Umbun getur bæði verið fjárhagsleg og ófjárhagsleg. Viðskiptavinur skal upplýstur með skýrum hætti um umbun.
- **Fræðsla.** Starfsfólk Landsbankans fær fræðslu um hagsmunaárekstra. Í fræðslu skal kynna starfsfólki hvaða aðstæður geti skapað hagsmunaárekstra hvernig brugðist skuli við þeim. Þannig er stefnt að aukinni vitund meðal starfsfólks um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.

5.3. Aðgerðir Landsbréfa hf. til draga úr hagsmunaárekstrum

Landsbréf hafa gert viðeigandi ráðstafanir til að takmarka líkur á því að hagsmunaárekstrar geti komið upp. Þessar ráðstafanir fela meðal annars í sér eftirfarandi:

- **Starfsemin aðskilin móðurfélagi.** Starfsemi Landsbréfa er aðskilin frá móðurfélaginu, Landsbankanum, en starfsemi fer fram í sérstöku húsnæði sem er aðgangsstýrt. Þá er sú starfsemi sem felst í eignastýringu og fjárfestingaráðgjöf aðskilin með aðgangsstýringu frá sjóðastýringu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða.
- **Viðskipti starfsmanna.** Starfsmönnum Landsbréfa er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning án fyrir fram heimildar frá regluverði en regluvörður tekur afstöðu til viðskiptanna áður en þau eru framkvæmd. Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning á undan viðskiptavini og sjóðum í rekstri Landsbréfa ef áður hefur legið fyrir beiðni um viðskipti af hálfu viðskiptavinar eða sjóðstjóra.
- **Hagsmunir viðskiptavina.** Landsbréf skulu gera viðskiptavini grein fyrir því ef hann hefur sjálfur hagsmuna að gæta í tengslum við fjármálagerninga, enda séu upplýsingar um slíkt aðgengilegar þeim starfsmanni sem í hlut á.
- **Kínamúrar.** Landsbréf hefur gert ráðstafanir til að takmarka upplýsingaflæði innan félagsins þar sem annars væri hættu á að hagsmunir viðskiptavinar bankans gætu skaðast.
- **Upplýsingar varðveittar.** Landsbréf varðveitir upplýsingar sem auðvelda greiningu og meðhöndlun hagsmunaárekstra með öruggum hætti.
- **Viðbrögð við hagsmunaárekstrum.** Komi til hagsmunaárekstra munu Landsbréf upplýsa viðskiptavin um það með skýrum hætti svo viðskiptavinur geti tekið upplýsta ákvörðun um áframhald viðskipta.
- **Reglur um gjafir o.fl.** Landsbréf hafa sett sér reglur um gjafir, hvatagreiðslur og boðsferðir til að koma í veg fyrir að slíkt valdi mögulegum hagsmunaárekstrum.
- **Starfsreglur.** Um stjórn félagsins gilda starfsreglur um framkvæmd starfa stjórnar og framkvæmdastjóra en reglurnar hafa þann tilgang að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og draga úr hættu á að þeir sem starfsreglurnar taki til tengist einstökum viðfangsefnum.

- **Skýrsla um greiningu hagsmunaárekstra.** Greining hagsmunaárekstra er viðvarandi verkefni sem er unnið stöðugt að með það að markmiði að tryggja lágmörkun á neikvæðum afleiðingum hagsmunaárekstra. Árlega er tekin saman skýrsla um greiningu á hagsmunaárekstrum og viðbrögð við þeim og er hún kynnt stjórn félagsins og regluverði.

5.4. Sérstakur rökstuðningur stjórnar

Í sérstökum tilvikum ber að rökstyðja framkvæmd og ákvarðanir. Dæmi um slík tilvik eru:

- Fjárfestingar í skuldabréfum útgefnum af Landsbankanum og í framtaksfjárfestingum Landsbréfa.
- Fjárfestingar í verkefnum þar sem Landsbankinn hefur verið í hlutverki ráðgjafa eða söluaðila þar sem Landsbankinn á hagsmuna að gæta t.d. vegna verkefna í markaðsviðskiptum eða Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans.
- Samninga við Markaðsviðskipti Landsbankans.

5.5. Aðrar ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

Ef stjórn og stjórnendur lífeyrissjóðsins telja að ráðstafanir sem tilgreindar eru í ákvæði 4 og 5 í þessum reglum veiti ekki fullnægjandi vörn gegn hagsmunaárekstrum ber sjóðnum annað hvort að grípa til viðbótarráðstafana til að takmarka áhrif hagsmunaárekstra og koma í veg fyrir að tilvist þeirra skaði hagsmunir sjóðsins eða sjóðfélaga. Þegar upp koma tilvik tengd viðskiptum eða fjárfestingum og engin leið er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem hafa í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir sjóðsins eða sjóðfélaga skaðist eða muni skaðast, ætti sjóðurinn ekki að framkvæma viðskiptin. Aðrar ráðstafanir gætu falist í samtali við útivistunaraðila um skipulag útivistunar og þjónustu sem veitt er.

6. Ábyrgð stjórnenda

Stjórn og stjórnendur lífeyrissjóðsins eru ábyrgir fyrir því að sporna gegn hagsmunaárekstrum í starfsemi lífeyrissjóðsins. Þessu til samræmis skal stjórn sjóðsins:

- Sjá til þess að hún hafi heildaryfirsýn yfir mögulega hagsmunaárekstra í starfsemi sjóðsins.
- Taka virkan þátt í greiningu og meðhöndlun mögulegra hagsmunaárekstra í tengslum við árlegt áhættumat.
- Sjá til þess að verkferlar og vinnulýsingar dragi úr hættu á hagsmunaárekstrum.
- Bregðast við mögulegum og raunverulegum hagsmunaárekstrum þegar þeir koma upp í samræmi við reglur um hagsmunaárekstra.

7. Skilvirkni og endurskoðun

Stjórn skal fjalla um framkvæmd og skilvirkni reglna þessara í ársskýrslu. Reglur þessar skal endurskoða með reglulegum hætti og a.m.k. á þriggja ára fresti.

Reglur þessar voru staðfestar á stjórnarfundum LTFÍ 27. nóvember 2024.